

# COVID-19. MEÐGANGA, BRJÓSTAGJÖF OG BÓLUSETNING

## ICD-10 greining: Covid sýking U07.1

Barnshafandi konur eru jafnlíklegar og aðrir að smitast af COVID-19. Flestar barnshafandi konur fá mjög væg eða engin einkenni. Coronaveiran getur þó valdið alvarlegum sjúkdómi einkum á seinni hluta meðgöngu með hærri tíðni innlagna á sjúkrahús og gjörgæsludeild. Yfirleitt hefur sýkingin ekki nein áhrif á ófædda barnið né á nýburann eftir fæðingu og virðist ekki valda fósturláti. Rannsóknir hafa þó sýnt fram á aðeins hærri tíðni fæðinga fyrir tímann og andvana fæðinga og virðist frekar tengt alvarlegum einkennum, undirliggjandi sjúkdómum og Delta afbrigði veirunnar. Þetta er að öllum líkindum vegna bólguáhrifa í fylgju. Til að reyna að draga úr þessari áhættu fylgjast sérhæfðar ljósmæður og læknar sem annast Covid smitaðar barnshafandi konur með sýkingareinkennum og meta hvort setja þurfi inn meðferð, sérhæft eftirlit eða rannsóknir.

Mesta vörnin gegn alvarlegum afleiðingum af COVID-19 fyrir móður og barn fæst með bólusetningu.

Upplýsingar um veiruna er að finna á vef Embættis Landlæknis: <https://www.covid.is/>

Upplýsingar hjá Heilsugæslunni: <https://www.facebook.com/watch/?v=221429438982082>

Upplýsingar hjá Landspítala:

<https://www.landspitali.is/sjuklingar-adstandendur/hagnytar-upplýsingar/sykingavarnir-/spurt-og-svarad-um-covid-19-medganga-og-faeding/>

## SMITVARNIR

Sömu leiðbeiningar gilda fyrir barnshafandi konur og konur með barn á brjósti og gilda fyrir almenning. Skynsamlegt er að halda góðri fjarlægð frá öðrum og gæta vel að hreinlæti.

Ekki ætti að mæta í bókaðan tíma ef konan hefur einhver einkenni eins og kvæf, hósta eða hita heldur láta vita af því símleiðis. Sama gildir um ómun, aðrar skoðanir og komu á fæðingadeild.

Leiðbeiningar um fylgdarmann eru mismunandi eftir stofnunum og sóttvarnarreglum hverju sinni. Nauðsynlegt er að kynna sér hvað gildir því reglur geta breyst.

Mikilvægt er að forðast margmenni til að forðast smit.

## KONUR Í SÓTTKVÍ

Barnshafandi konur sem ættu að fara í mæðraskoðun á þeim tíma sem sóttkvíin varir geta haft samband við sína heilsugæslustöð og fengið símtal við ljósmóður og fyrirkomulag mæðraverndar skipulagt.

Barnshafandi konur sem byrja í fæðingu eiga að hafa samband við fæðingadeild og láta vita að þær séu í sóttkví.

## SMIT EÐA GRUNUR UM SMIT

Allar konur sem eru í sóttkví og fá einkenni eru meðhöndlaðar þegar þær koma í fæðingu eins og um smit sé að ræða.

Smitaðar konur eru í umsjón lækna og ljósmæðra á Covid einingu sjúkrahúss. Ef þær þurfa skoðun er það gert í samráði við þá sem annast þær. Gangur Covid-19 sjúkdóms er metinn reglulega og hefðbundnu mæðraeftirliti sinnt og m.a. metin þörf fyrir blóðsegavörn og gerð ómun 2 vikum eftir smit. Annað eftirlit og meðferð fer í meginráttum eftir meðgöngulengd og alvarleika sjúkdóms.

Mikilvægt er að hringja á fæðingadeild og láta vita af einangrun þegar fæðing hefst en ekki koma beint á deildina.

## BRJÓSTAGJÖF

Jákvæð heilsufarsáhrif brjóstagjafar eru vel þekkt og vega upp á móti mögulegri áhættu á smitun á COVID-19 í gegnum brjóstamjólk.

Gæta þarf sérstakrar varúðar við brjóstagjöf og umönnun barnsins. Góður handþvottur er mjög mikilvægur. Alltaf skal þvo hendur fyrir brjóstagjöf og áður en pumpur og pelar eru meðhöndluð. Aðaláhættan við brjóstagjöf er náin snering milli móður og barns þar sem loftbornir dropar geta borist frá móður til barns. Auk þess er æskilegt að vera með maska/grímu fyrir vitum við brjóstagjöf og forðast kossa ef móðirin er með einhver einkenni. Muna að hósta/hnerra í olnbogabót eða vasaklút en ekki í hendur.

## BÓLUSETNING Á MEÐGÖNGU

Mælt er með bólusetningu barnshafandi kvenna við COVID-19 en það er besta vörnin gegn alvarlegum afleiðingum af COVID-19.

Venja er að sýna sérstaka aðgæslu á fyrstu 12 vikum meðgöngu þegar ný bóluefni eru notuð. Þó hefur ekkert komið fram sem mælir gegn bólusetningu á hvaða tíma meðgöngu sem er.

Mesta reynsla og góð er af notkun mRNA bóluefna (Comirnaty®/Pfizer-BioNTech® og Covid 19 Vaccine Moderna®) fyrir þennan hóp kvenna þar sem þau voru fyrst á markað. Því eru þau notuð hér á landi fyrir þær.

Mælt er með að 2 vikur líði frá Covidbólusetningu þar til kona þiggur aðrar bólusetningar

## BÓLUSETNING KVENNA MEÐ BARN Á BRJÓSTI

Konur sem hafa nýlega fætt barn og konur sem eru með barn á brjósti geta þegið það bóluefni sem er í boði fyrir þeirra aldurshóp og/eða áhættuhóp. Ekki er vitað hvort þessi bóluefni berist í brjóstamjólk. Ætla má að bóluefnið verði óvirkt í meltingarvegi og því ólíklegt að virkt bóluefni berist til barnsins.

Ljósmeður og læknar í mæðravernd veita nánari ráðgjöf.

Hér má finna fleiri upplýsingar:

[https://www.landlaeknir.is/um-embattid/greinar/grein/item43978/bolusetning-gegn-covid-19-  
algengar-spurningar-og-svor](https://www.landlaeknir.is/um-embattid/greinar/grein/item43978/bolusetning-gegn-covid-19-algengar-spurningar-og-svor)

<https://www.lyfjastofnun.is/lyf/covid-19/comirnaty-biontech-pfizer-2/>

[https://www.landspitali.is/sjuklingar-adstandendur/hagnytar-upplysingar/sykingavarnir-/spurt-og-  
svarad-um-covid-19-fyrir-starfsfolk-landspitala/](https://www.landspitali.is/sjuklingar-adstandendur/hagnytar-upplysingar/sykingavarnir-/spurt-og-svarad-um-covid-19-fyrir-starfsfolk-landspitala/)

[Health chiefs encourage more pregnant women to get their COVID-19 vaccine - GOV.UK \(www.gov.uk\)](https://www.gov.uk/government/news/health-chiefs-encourage-more-pregnant-women-to-get-their-covid-19-vaccine)

<https://www.sst.dk/da/corona>

Hér má finna upplýsingar á ensku ætlaðar barnshafandi konum:

[Pregnancy and coronavirus \(COVID-19\) - NHS \(www.nhs.uk\)](https://www.nhs.uk/healthcareprofessionals/childbearing/childbearingandcoronavirus)